

## Fundargerð fræðsluráðs

162. fundur fræðsluráðs miðvikudaginn 5. ágúst kl. 15:00 í fundarsal ráðhússins.

Fundinn sátu:

Magnús Magnússon formaður, G. Kristín Ólafsdóttir varaformaður, Sigrún Waage aðalmaður, Valdimar Gunnlaugsson aðalmaður og Ingibjörg Auðunsdóttir aðalmaður. Einnig situr fund Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri

Fundarritari: Guðný Hrund Karlsdóttir

Dagskrá:

1. Guðrún Lára Magnúsdóttir skólastjóri leikskólans Ásgarðs mætir á fundinn. Leikskólinn á Borðeyri og breytingar á starfstíma hans, ráðning starfsmanns.
2. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Guðrún Lára Magnúsdóttir skólastjóri leikskólans mætir á fundinn. Sú breyting verður gerð á starfstíma starfsstöðvar leikskólans Ásgarðs á Borðeyri fyrir skólaárið 2015 – 2016, að starfstíminn er stytur og verður nú 8 mánuðir, frá 1. september til 30. apríl nk. Ástæðan er ekki fékkst starfsmaður á öðrum forsendum en auglýst var tvisvar. Fræðsluráð er einhuga um þessa tillögu en telur mikilvægt að áfram verði reynt að halda skólanum opnum í maí ef þess er einhver kostur.
2. Önnur mál.
  - a. Ákveðið að halda næsta fund í húsnæði Skólabúðanna á Reykjum þriðjudaginn 1. september nk., taka fyrir starfsskýrslu búðanna og fá kynningu á starfsseminni.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:24

---

Magnús Magnússon

---

Valdimar Gunnlaugsson

---

G. Kristín Ólafsdóttir

---

Guðný Hrund Karlsdóttir

---

Ingibjörg Auðunsdóttir

---

Sigrún Waage